

Náttúrugreinar 9. bekkur

Kennarar: Gauti Eiríksson

9

Skólaárið

Skólaárið 2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Námsskipulag og verkefni koma fram á heimasíðum sem verða gerðar aðgengilegar í mentor. Ein heimasíða er fyrir hverja námslotu. Sum verkefni vinna nemendur í google.classroom umhverfinu og geta skilað oft og fengið endurgjöf á milli. Einnig hópverkefni og samþættingarverkefni.

Spegluð kennsla þar sem nemendur horfa á kennslumyndbönd á netinu heima hjá sér til undirbúnings og koma svo í skólann til að vinna verkefni. Bein kennsla og umræður í bland.

Bein kennsla þar sem kennari fer yfir efnið. Verkleg kennsla þar sem nemendur gera tilraunir og skrifa skýrslu. Kennsluforrit frá Sunflower Learning. Fræðslumyndir verða sýndar eftir þörfum.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Lota 1. Frá skólabyrjun, 5 til 6 vikur. Rafmagn og segulmagn. Unnið verður með hvernig rafmagn verður til og eiginleika þess. Tenging við segulmagn og hvernig segulmagn hegðar sér.

Lota 2. Frá byrjun október, 6 vikur. Bylgjur. Unnið verður með hljóð, myndun þess, tónlist og skaðsemi hljóðs. Einng ljós og eiginleika þess.

Lota 3. Frá lok nóvember, 4 vikur. Varmi. Unnið verður með hugtökin massi, rúmmál og eðlismassi. Einnig varma og varmaorku.

Lota 4. Frá byrjun janúar, 5 til 6 vikur. Stjörnufræði. Unnið verður með helstu hluta vetrarbrauta, sólkerfisins og reikistjörnurnar. Einnig um tunglið og áhrif þess á jörðina.

Lota 5. Frá lok febrúar, 6 vikur. Dýrafræði. Unnið verður með flokkun lífvera og einkenni dýra.

Lota 6. Frá byrjun apríl, 4 til 5 vikur. Plöntufræði. Unnið verður með helstu hópa plantna, einkenni þeirra og æxlun.

Lota 7. Frá byrjun apríl, 4 til 5 vikur. Bakteríur og veirur. Unnið verður með einkenni, skaðsemi og gagnsemi baktería og veira

Námsaðlögun

Flestir nemendur vinna að sömu verkefnum en verkefnin eru opin fara nemendur mis ítarlega í efnið eftir leiðbeiningum kennara. Nemendur skila verkefnum oft og fá endurgjöf á milli. Í þeirri hendurgjöf leiðbeinir kennari nemendum og bætir við og minnkar eftir vinnu nemenda. Einhverjir nemendur geta verið á einstaklinsnámskrá.

Námsmat

Fjölbreytt námsmat þar sem vinna nemenda er metin yfir veturinn. Kaflapróf, rafræn verkefni, skilaverkefni og önnur verkefni.

Námsgögn

Eðlisfræði I

Eðlisfræði III

Sól tungl og stjörnur

Efni af vef og frá kennara

Lífheimurinn